



Ytra mat

Flensborgarskólinn

Útgefandi:

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Ytra mat Flensborgarskólinn

Nóvember 2025

Umbrot og textavinnsla:

Mennta- og barnamálaráðuneytið

©2025 Mennta- og barnamálaráðuneytið

ISBN 978-9935-436-95-5

1. Ytra mat í Flensborgarskóla

Ytra mat fór fram í nóvember 2025. Matsaðilar voru Björk Ólafsdóttir og Þóra Þórðardóttir.

Gagnaöflun:

- Viðtal við skólameistara
- Viðtal við formann skólanefndar
- Viðtal við náms- og starfsráðgjafa
- Viðtal við fulltrúa foreldra
- Viðtal við formann nemendafélagsins
- Rýnifundur með stjórnendum
- Rýnifundur með fagstjórum
- Rýnifundur með kennurum
- Rýnifundur með nemendum
- Rýnifundur með fulltrúum starfsbrautar
- Rýni á heimasíðu og gögn frá skóla
- Spurningakönnun mennta- og barnamálaráðuneytis fyrir starfsfólk
- Vettvangsathuganir í kennslustundum

1.1 Flensborgarskólinn

Flensborgarskólinn er framhaldsskóli staðsettur í Hafnarfirði. Skólinn var upphaflega stofnaður árið 1877 en honum var formlega breytt í fjölbrautaskóla ári 1975 og hefur því starfað sem framhaldsskóli í 50 ár. Á haustönn 2025 stunda um 700 nemendur nám við skólann.

1.2 Samantekt og ábendingar

Styrkleikar:

- Skólinn sinnir nemendum sem þurfa stuðning í námi mjög vel, öllum nemendum stendur til boða skipulögð aðstoð í námi í námsverum.
- Skipulag skólastarfsins með bekkjakerfi á fyrsta ári styður við farsæld og auðveldar eftirfylgni með námi nýnema.
- Vel er staðið að innri skólaþjónustu við nemendur (nemendaþjónustu) og mikil ánægja er með stuðning hennar meðal nemenda og starfsfólks. Markvisst er fylgst með mætingu og árangri nemenda og viðeigandi stuðningur veittur.
- Nemendur eru almennt ánægðir með kennara skólans og láta vel af samskiptum við þá. Kennarar skólans hafa allir leyfisbréf til kennslu og hafa almennt fagþekkingu á sínu kennslusviði.
- Umsjónaráfangarnir Hámark eitt og tvö á haust- og vorönnum eru til fyrirmyndar og allir viðmælendur sögðust ánægðir með þann stuðning sem umsjónarkennarar í áföngunum veita.
- Samskipti á milli nemenda eru góð og þeim líður almennt vel í skólanum. Leitað er upplýsinga um líðan þeirra og ýmsa þætti í skólastarfinu með reglubundnum hætti.
- Stjórnendur hafa skýra og metnaðarfulla sýn og væntingar fyrir skólastarfið. Með úthlutun starfsþróunarstyrkja er starfsfólk hvatt til að þróa og endurskipuleggja áfanga.
- Starfsfólk upplifir að það sé hluti af liðsheild og samskipti í starfsmannahópnum eru jákvæð og uppbyggileg.

- Unnið er skipulega að innra mati, áætlun sett fram, markmið metin og skilgreind viðmið um árangur. Leitað er sjónarmiða helstu hagaðila, niðurstöður birtar í sjálfsmatsskýrslu og gerð áætlun um umbætur.
- Umbótaáætlun er í samræmi við greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta í sjálfsmatsskýrslu, hún er skýrt fram sett og þar koma fram markvissar og tímasettar aðgerðir til umbóta, markmið þeirra, viðmið um árangur og ábyrgðaraðilar.
- Fræðslu- og starfsþróunaráætlun tekur mið af umbótaþörfum skólans og endurspeglar meðal annars að stjórnendur styðja starfsfólk skólans í að nota stafræna tækni.

Tækifæri til umbóta:

- Endurskoðun á stefnu skólans og skólanámskrá með víðtæku samráði við hagaðila, þar sem meðal annars eru sett skýr markmið um faglegt lærdómssamfélag, inngildingu og jöfn tækifæri fyrir alla nemendur skólans.
- Leita leiða til að efla skólann sem faglegt lærdómssamfélag í samráði við starfsfólk. Endurskoða efnistöð sameiginlegra funda með það að leiðarljósi að þar sé minna um upplýsingagjöf af hálfu stjórnenda og meira um faglegt samtal, samstarf og gagnkvæma þekkingarmiðlun starfsfólks.
- Skoða þarf heildstætt skipulag bekkjakerfisins og þróa þannig að sátt ríki um fyrirkomulagið og það styðji áfram sem best við gæðamenntun og stuðli að jöfnum tækifærum allra nemenda til náms.
- Leita leiða til að hvetja kennara til að rýna saman, ígrunda og þróa kennslu- og starfshætti sína með áherslu á að styrkja nemendamiðaðar kennsluaðferðir og námsumhverfi. Nýta mætti starfsþróunarstyrki í því samhengi.
- Endurskoða þjónustu og námsframboð fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn þannig að nemendur eigi kost á námslokum, annaðhvort með innritun á námsbraut með stuðningi og sérstökum ÍSAN-áföngum eða með heildstæðri íslensku braut sem undirbýr nemendur fyrir aðrar námsbrautir.
- Gera þarf umbætur á stjórnun skólans. Bregðast þarf við ábendingum um að stjórnendur séu ekki nægilega sýnilegir og gefa starfsfólki sem tekur að sér ábyrgðarhlutverk, s.s. fagstjórum, meira svigrúm til að leiða vinnu innan teyma eða sviða. Auka aðkomu fagfólks skólans að ákvörðunum um breytingar, þróun og umbætur til að stuðla að betri eignaraðild þeirra og vilja til að vinna að þeim.
- Skýra þarf ábyrgð stjórnenda skólans og sviðsstjóra starfsbrautar varðandi starfsmannasamtöl við kennara starfsbrautar svo kennarar allra brauta njóti jafnræðis.
- Styrkja má túlkun meginlegra gagna með því að nýta jafnhliða eigindlegar aðferðir við innra mat. Tryggja þarf að stjórnunarhættir séu metnir reglulega. Jafnframt þarf að huga að fjölbreyttari leiðum við mat á námi og kennslu, s.s. með jafningjamati, starfendarannsóknnum eða innliti stjórnenda í kennslustundir. Mikilvægt er að gæta þess að nemendur og foreldrar fái upplýsingar um niðurstöður mats og kannana sem þau taka þátt í.
- Auka mætti eignaraðild starfsfólks á umbótaaðgerðum í tengslum við innra og ytra mat með því að virkja það í samræður og ákvarðanatöku um þróun og umbætur, minna á og fylgjast reglulega með framgangi umbótaáætlunar og meta árangur aðgerða í samvinnu við starfsfólk.

2. Niðurstöður

2.1 Gæði náms og kennslu

Mat á gæðum náms og kennslu í Flensborgarskólanum byggir meðal annars á námsbrautalýsingum, áfangalýsingum og kennsluáætlunum skólans, þá er einnig stuðst við innlit matsaðila í tíu kennslustundir. Upplýsinga var aflað í viðtölum og rýnihópum með stjórnendum, kennurum, nemendum og öðrum fulltrúum skólasamfélagsins eins og fram kemur í lista yfir gagnaöflun. Einnig liggja fyrir kennslukannanir, niðurstöður í Framhaldsskólupólsi og sjálfsmatsskýrslur skólans.

2.1.1 Umgjörð, skipulag og inntak náms

Flensborgarskólinn er bóknámsskóli og skólaárið er skipulagt sem tveggja anna kerfi með haust- og vorönn. Skólinn starfar í blöndu af bekkja- og áfangakerfi þar sem nemendur eru fyrsta árið í bekkjum og síðan tekur áfangakerfi við. Námsframboð skólans samanstendur af fjórum námsbrautum til stúdentsprófs; félagsvísindabraut, raunvísindabraut, viðskipta- og hagfræðibraut og opin braut. Innan brautanna geta nemendur valið um fimm sérsvið; félagslífs-, íþróttaafreks-, listnáms-, tækni- og alþjóðasvið. Stúdentsbrautir skólans voru staðfestar af ráðherra árið 2016. Skólinn er einnig með staðfesta fjögurra ára starfsbraut fyrir nemendur sem þurfa einstaklingsmiðað nám vegna fötlunar og/eða sértækra námserfiðleika. Nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn sem hafa enga eða litla færni í íslensku geta stundað nám við skólann í eitt ár á ÍSAN-námsleið sem er grunnnám í íslensku, ensku og samfélagslæsi, matreiðslu, íþróttum og myndlist. Ef nemendur hafa ekki náð þeirri hæfni sem krafist er til að hefja nám á stúdentsbrautum að þeim tíma loknum verða þeir að leita annað eftir skólavist. Skólinn er í samstarfi við grunnskóla í nærumhverfinu um svokallaða Bæjarbrú sem eru valáfangar fyrir 10. bekk í íslensku og stærðfræði.

Á vefsíðu skólans má finna skólanámskrá og upplýsingar um með hvaða hætti skólinn uppfyllir kröfur sem gerðar eru til framhaldsskóla í lögum, aðalnámskrá og reglugerðum. Þar eru birtar allar helstu stefnur, verklagsreglur og áætlanir eins og lög gera ráð fyrir.

Bekkjakerfi á fyrsta ári var innleitt á vorönn 2021 sem lausn vegna COVID-takmarkana. Stjórnendur skólans telja það farsæla leið til að efla námsumhverfið og ákváðu að halda áfram með það sem skólaþróunarverkefni til tveggja ára. Bekkjakerfið virðist stuðla að sterkari félagslegum tengslum, aukinni vellíðan og meiri skuldbindingu nemenda í námi. Niðurstöður kannana, sem skólinn hefur lagt fyrir, sýna að bæði nemendur og foreldrar eru almennt ánægðir með bekkjakerfið. Nemendur nefna að þeim finnist gott að tilheyra bekk við upphaf skólagöngu í framhaldsskóla, þar sem kerfið hjálpar þeim að mynda sterkari tengsl við samnemendur og eykur samvinnu þeirra í námi. Nemendur sem tóku þátt í rýnihópi sögðu að umskiptin úr bekkjakerfi yfir í áfangakerfi á öðru ári hafi gengið vel og oftast væru nemendur sem þeir þekktu úr bekk með þeim í áföngum. Almennt upplifa nemendur ekki að þetta blandaða kerfi hafi haft áhrif á valáfanga þeirra á fyrsta ári.

Nýnemum er raðað í bekki eftir námsbrautavali og námslegri stöðu þeirra eftir grunnskólanám. Fram kom í viðtölum við kennara að þeir teldu bekkjakerfið geta í ákveðnum tilvikum seinkað námsframvindu nemenda. Þær áhyggjur tengdust einkum bundnu vali í raungreinum og tungumálum. Skólinn stefnir á að bregðast við þessu með endurtektarprófum fyrir nemendur á fyrsta ári. Fram kom að kennarar eru ekki sammála um með hvaða hætti best sé að útfæra slík próf, sérstaklega í símatsáföngum. Fagdeildir skólans geta ákveðið fyrirkomulagið hver fyrir sig og íslenskukennarar ákváðu að vera ekki með endurtektarpróf að svo stöddu, heldur fylgjast fyrst með hvernig fyrirkomulagið reynist. Ljóst er að

skiptar skoðanir eru á bekkjakerfinu meðal starfsfólks skólans. Í viðtölum við kennara komu fram áhyggjur varðandi geturöðun í bekki sem geti leitt til þess að nemendur með slaka námsgetu og/eða hegðunar- eða agavanda safnist saman, sem geri kennsluna krefjandi og geti ýtt undir „tossastimpil“ á ákveðna bekki. Flestir kennarar sem rætt var við töldu æskilegt að hafa bekkjakerfi eingöngu á fyrstu önn og að áfangakerfi tæki við á annarri önn. Meirihluti viðmælenda voru þó sammála um að bekkjakerfið styðji við og auðveldi eftirfylgni með námi nemenda.

Fram kom í viðtölum að bekkjakerfið geti skapað hindranir fyrir inngildingu nemenda á starfsbraut, þar sem grunnáfangar eru kenndir í bekkjum og einungis ætlaðir nýnemum. Þetta gerir nemendum á starfsbraut erfiðara fyrir að taka áfanga utan starfsbrautar að loknu fyrsta ári, þar sem þeir þurfa annaðhvort að fara í áfanga með yngri nemendum eða stíga inn í bekkjarhóp, sem reynist mörgum erfitt. Á móti var nefnt að áfangakerfi, með fjölbreyttari hópamyndun og meiri aldursblöndun, gæti betur stutt við inngildingu þessara nemenda og dregið úr jaðarsetningu.

Nemendur á starfsbraut skólans eru nokkuð aðskildir frá öðrum nemendum þar sem aðstaða starfsbrautar er aðallega í kjallara skólans. Sviðsstjórar starfsbrautar sjá um námsskipulag nemenda, skiptingu kennslu, gerð stundatöflu og daglega stjórnun deildar. Nemendur starfsbrautar fá stuðning til að taka þátt í félagslífi skólans og einnig gefst þeim kostur á að taka áfanga utan starfsbrautar eftir getu hvers og eins. Starfsfólk starfsbrautar sem rætt var við segir samstarf við kennara vegna starfsbrautarnemenda vera mjög gott og þau nefndu það sem einn af styrkleikum skólans.

Tveir náms- og starfsráðgjafar eru í fullu starfi við Flensborgarskólann og að auki er nemenda- og kennsluráðgjafi í 50% starfi. Aðgengi er að sálfræðingum og hjúkrunarfræðingum hefur viðveru í skólanum tvo morgna í viku. Nemendur og starfsfólk eru vel upplýst um innri skólaþjónustu og þau úrræði sem standa nemendum til boða. Að sögn viðmælenda er góð samvinna á milli kennara og námsráðgjafa og kennarar eru virkir í að koma með ábendingar um nemendur sem gætu þurft stuðning. Einnig hafa nemendur gjarnan frumkvæði að því að bóka viðtöl hjá námsráðgjöfum. Í samtölum við nemendur og starfsfólk kom fram mikil ánægja með innri skólaþjónustuna og var hún oft sinni nefnd sem einn af helstu styrkleikum skólans.

Leitast er við að nemendur sem þurfa aukinn eða sérhæfðan stuðning fái hann innan skólans. Nemendur með greiningar sem valda því að þeir þurfa aukinn stuðning í námi fara á námsskilmála og nemenda- og kennsluráðgjafi heldur utan um nám þeirra. Einnig leitar skólinn allra leiða til að koma til móts við nemendur sem búa við langvarandi stuðningsþarfir á borð við t.d. hreyfi- og sjónskerðingu. Allt starfsfólk innri skólaþjónustunnar auk sviðsstjóra starfsbrautar eru tengiliðir farsældar og góð tengsl eru við stofnanir innan Hafnarfjarðar sem hægt er að leita til þegar á þarf að halda. Má þar nefna tengilið farsældarþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, fulltrúa barnaverndar, lögreglu og heilsugæslu.

2.1.2 Gæði kennslu

Framsæknir kennsluhættir og námsskipulag eru tilgreind markmið í stefnu skólans. Þar kemur fram að stefnt sé að því að allt nám við skólann verði verkefnað og að fjölbreyttir kennsluhættir einkenni allt skólastarf. Áhersla er lögð á þverfaglegt nám og samstarf meðal ólíkra námsgreina. Efla á skapandi hugsun, lýðræðisleg vinnubrögð og tæknilegar lausnir. Skólastjórnendur vilja nýta stafrænar lausnir og verið er að fjölga rafrænum skjám í kennslustofum og innleiða prófakerfið Inspira. Margir kennarar skólans hafa undanfarin ár sótt Bett-ráðstefnuna í London þar sem kynntar eru helstu tækninýjungar í kennslu.

Í viðtölum við nemendur kom fram að þeir eru almennt jákvæðir gagnvart kennslunni og ánægðir með námið og skólastarfið. Einnig kom fram að þeir teldu að samskipti við kennara væru mjög góð. Gögn sem liggja fyrir úr kennslumati og Framhaldsskólapúlsi styðja við þessa upplifun nemenda og niðurstöður Flensborgarskólans eru sambærilegar við aðra framhaldsskóla sem taka þátt í Framhaldsskólapúlsi.

Samstarf kennara sem starfa við skólann er gott, þeir telja kennsluna fjölbreytta og að margir séu áhugasamir um nýjungar og þróun kennsluhátta. Fram kom að sumir kennarar vilja nýta tæknina á meðan aðrir beita hefðbundnari aðferðum. Kennarar segjast upplifa ákveðið ráðaleysi og mikla áskorun varðandi notkun gervigreindar og nefndu að þeir væru að leita leiða til að koma í veg fyrir að nemendur misnoti hana í námi. Ýmsar leiðir eru farnar, munnlegum prófum hefur fjölgað og nemendur vinna verkefni meira í tímum og jafnvel bara með blað og blýant. Þrátt fyrir stefnu skólans og vilja stjórnenda til að vera með framsækna kennsluhætti eru það niðurstöður matsaðila að kennsluhættir skólans einkennist að mestu leyti af hefðbundnum kennaramiðuðum kennsluháttum og allar skólastofur skólans eru með hefðbundna uppröðun. Störf kennara endurspeglar því ekki að fullu stefnu og markmið skólans um kennsluhætti.

2.1.3 Námsvitund, þátttaka, árangur og námsreynsla nemenda

Skólabragur og samskipti nemenda í Flensborg eru góð að mati viðmælenda úr hópi nemenda og starfsfólks. Stjórnendur fylgjast markvisst með þróun, ástundun, framförum og líðan nemenda. Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda um líðan, félagslegar aðstæður, nám og fyrirkomulag skólastarfs með ýmsum hætti, s.s. með kennslukönnunum, nýnemakönnunum, könnunum meðal útskriftarnemenda og þátttöku í Framhaldsskólapúlsinum. Samkvæmt niðurstöðum Framhaldsskólapúlsins 2024–2025 líður nemendum vel í Flensborg, marktækt betur en nemendum að jafnaði í öðrum skólum sem tóku þátt í könnuninni. Sjálfsálit þeirra mælist einnig marktækt betra.

Með hliðsjón af námsgetu er mikil breidd í nemendahópi Flensborgarskóla. Starfsfólk sem rætt var við telur að skólanum takist vel að koma til móts við nemendur þannig að námið skili þeim virðisauka. Í einum rýnihópi kennara tiltóku viðmælendur þetta sem einn helsta styrkleika skólans og í samtali lýstu nemendur ánægju með fyrirkomulag námsvera. Í hverri viku eru opin námsver, Ritver og Raungreinaver, og þar geta nemendur fengið aðstoð frá kennurum. Einnig er boðið upp á jafningjakennslu þar sem nemendum er falið að aðstoða aðra nemendur í stærðfræðinámi.

Markvisst er fylgst með mætingu og árangri nemenda og brugðist við ef tilefni gefur til. Mætingateymi er starfandi en í því eru aðstoðarskólameistari og starfsfólk nemendabjónustunnar. Nemendur með slaka mætingu eru boðaðir í samtali þar sem skýringa er leitað og þeim boðin aðstoð. Margir þeirra fá fastan stuðning frá nemendabjónustunni í kjölfarið. Ef nemendur falla á mætingu fara þeir á mætingaskilmála næstu önn á eftir. Fylgst er með árangri nemenda og þeir nemendur sem það þurfa fara á viðtalsskilmála og mæta í regluleg stuðningsviðtöl til námsráðgjafa yfir önnina. Með þessu móti ásamt fleiri aðgerðum hefur skólanum tekist að draga úr brotthvarfi nýnema.

Lýðræðislega er kosið í stjórn nemendafélagsins og í nefndir nemendafélagsins á hverju vori. Félagsmálafulltrúar úr hópi starfsfólks funda með stjórn nemendafélagsins tvisvar í viku. Einnig er gott samstarf við stjórnendur skólans og oddviti nemendafélagsins fundar reglulega með þeim. Að sögn nemenda og starfsfólks er ekki mikil þátttaka á viðburðum sem nemendafélagið skipuleggur. Í samtölum við nemendur og starfsfólk kom fram að félagslíf skólans mætti vera öflugra og var það sérstaklega nefnt þegar matsaðilar spurðu um hvað mætti betur fara í skólastarfinu.

2.2 Gæði forystu og stjórnunar skólans

Til að meta gæði forystu og stjórnunar Flensborgarskólans var heimasíða skólans rýnd, farið yfir ýmis gögn sem óskað var eftir frá skólanum auk upplýsinga sem fram komu í viðtölum og samtölum við einstaklinga og rýnihópa. Rafræn könnun var lögð fyrir kennara og starfsfólk í stoðþjónustu í aðdraganda skólaheimsóknar matsaðila. Af 47 starfsmönnum sem fengu könnunina senda svöruðu 35 sem samsvarar 74% svarhlutfalli.

2.2.1 Skólastjórnendur sem leiðtogar

Metnaðarfull stefna var mótuð fyrir Flensborg sem gildi fyrir árin 2020–2024. Í henni eru markmið sem ná til námsframboðs, kennsluhátta, námsskipulags, nemendapjónustu og skólabrags. Komið er að endurskoðun stefnunnar og að sögn skólameistara er undirbúningsvinnan hafin. Stefnt er að því að fara á fullt í að móta nýja stefnu árið 2026. Stefna skólans var unnin með þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og skólanefndar. Námskrá skólans var uppfærð árið 2020 og hafin er vinna við endurskoðun hennar að nýju sem á að ljúka árið 2026. Í skólanámskrá er fjallað um áherslur í námsmati og þar kemur fram að próf í annarlok vegi þyngst í námsmati. Skólinn hefur þó verið að fíkra sig í átt að meira verkefnaþæfingu námsmati og í umbótaáætlun 2024–2025 kemur fram viðmið um 50% hámarksvægi lokaprófa. Flensborg hefur verið heilsueflandi framhaldsskóli frá árinu 2009 og sett sér heilsustefnu og markmið. Skólinn hefur einnig mótað áætlun um jafnrétti. Í stefnu skólans og skólanámskrá er ekki sérstaklega fjallað um skólann sem lærdómssamfélag og óljóst er einnig hvernig unnið er að inngildingu og jöfnun tækifæra nemenda. Fram kom í viðtölum við starfsfólk að talsvert vantaði upp á að skólinn væri lærdómssamfélag og eins þyrfti hann að standa sig betur hvað varðar inngildingu nemenda á starfsbraut og nemenda með annað móðurmál en íslensku sem dæmi. Meirihluti starfsfólks sem svaraði könnun ráðuneytisins sagði stjórnendur stuðla að því að skólastarfið væri í samræmi við stefnu og gildi skólans.

Stjórnendateymi skólans samanstendur af skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra. Að sögn vinna þau þétt saman, funda reglulega og eru með nokkuð skýra verkaskiptingu. Stjórnendur telja sig vera aðgengilega öllum en að sögn hluta þess starfsfólks sem rætt var við kom fram að stjórnendur kæmu ekki oft inn á kaffistofu og væru lítt sýnilegir í skólanum. Var nefnt að stjórnendagangur væri afskiptur og stundum læstur. Nemendur í rýnihópi sögðust ekki vita hvort stjórnendur væru aðgengilegir þar sem þeir hefðu ekki leitað til þeirra.

Stjórnendur skólans hafa skýra og metnaðarfulla sýn og væntingar fyrir skólastarfið og leitast við að stuðla að þróun þess með því að hvetja til og styðja við nýsköpun. Nokkuð vantar þó upp á að þeir séu faglegir leiðtogar og nái að virkja starfsmannahópinn með sér í þróun skólastarfsins. Í viðtölum við stjórnendur og starfsfólk voru ýmsar skýringar nefndar og kom m.a. fram að hluti starfsmannahópsins væri fastheldinn og vildi litlar breytingar. Starfsfólk nefndi gjarnan að stjórnunarhættir væru mjög stýrandi og einkenndust af fyrirmælum, litlu samráði og jafnvel skorti á trausti til starfsfólks til að taka að sér verkefni og bera á þeim ábyrgð. Að sögn starfsfólks á þetta þó fyrst og fremst við þegar um er að ræða innleiðingu breytinga, þróunar- og umbótastarf, viðfangsefni funda og faglega samvinnu kennara. Þegar kemur að starfinu sjálfu, s.s. kennslu og námsráðgjöf, sagðist starfsfólkið njóta fulls trausts og frelsis til að sinna sínu starfi.

Við skólann er starfandi foreldraráð og fulltrúi foreldra, sem rætt var við, lýsir góðu samstarfi við stjórnendur skólans. Samskipti séu góð og þeir sem sinna foreldrastarfi finna fyrir miklu þakklæti frá stjórnendum. Upplýsingagjöf til foreldra er mjög góð og mikið af upplýsingum eru settar inn á

samfélagsmiðla sem auðvelt er fyrir foreldra að fylgjast með. Einnig fá foreldrar tölvupósta frá skólanum með ýmsum upplýsingum og í samtali kom fram að það reynist foreldrum vel að fá upplýsingar um kennslustundir sem falla niður. Fulltrúi foreldra segist upplifa að hlustað sé á ábendingar foreldra og vel tekið í hugmyndir þeirra. Sem dæmi var nefnt þegar ábending um forvarnarfræðslu leiddi til fyrirlesturs sem foreldraráð fjármagnaði.

2.2.2 Leiða nám og kennslu

Að mati flestra viðmælenda vantar nokkuð upp á að í Flensborg sé faglegt lærdómssamfélag og nefndu nokkrir að innleiðing lærdómsmenningar væri meðal helstu tækifæra skólans til umbóta. Kennara- og starfsmannafundur eru reglulegir en að sögn starfsfólks og stjórnenda eru þeir frekar nýttir til upplýsingagjafar en samvinnu. Almennt má segja að starfsfólk hafi í töluverðum mæli kvartað yfir því að fundum sé of mikið stýrt og erfitt sé að koma öðru sjónarhorni að en stjórnenda. Fagfundir, undir stjórn fagstjóra greina, eru haldnir að jafnaði mánaðarlega. Umfjöllunarefnum fundanna er nokkuð stýrt af stjórnendum skólans sem takmarkar stjórn fagstjóranna og setur sjálfsprottinni faglegri umræðu skorður að þeirra mati. Nokkrir viðmælendur nefndu að umbótatækifæri lægju í að nýta fagfundi betur í faglegt samstarf og gagnkvæma miðlun þekkingar undir stjórn fagstjóra.

Samkvæmt fræðslu- og starfsþróunaráætlun skólans er boðið upp á sameiginlega starfsþróun starfsfólks í formi fyrirlestra og námskeiða um efni sem brýnt þykir að fjalla um hverju sinni. Starfsfólki stendur auk þess til boða að sækja um skólaþróunarverkefni. Að jafnaði eru átta styrkir veittir árlega og felast þeir í að gefinn er kennsluafsláttur og yfirvinna greidd. Styrkir eru veittir ýmist til að þróa nýjan áfanga, endurskipuleggja áfanga, búa til námsefni eða sækja sér endurmenntun í sínu fagi. Ekki er sýnilegt að starfsþróunarstyrkir beinist að því að ígrunda nálganir við kennslu svo sem nemendamiðað námsumhverfi og kennsluaðferðir. Undanfarin skólaár hefur samkvæmt ársskýrslum verið áhersla á styrki til að efla núvitund í starfi.

Fram kom í samtölum að stjórnendur hvetja kennara og annað starfsfólk til að þróa starfshætti sína, kennslu og námsmat og deila starfsháttum sínum með öðru fagfólki. Hins vegar var bent á að þeir sköpuðu takmarkað svigrúm á fundum fyrir samræðu og ígrundandi starfshætti. Lítið er um skipulagt samstarf kennara sem hefur það að leiðarljósi að þróa kennsluhætti og starfsþróunarstyrkir eru samkvæmt ársskýrslum skólans oftast veittir til einstaklinga en ekki hópa. Aðspurðir um viðhorf kennara til nýjunga og breytinga sögðu viðmælendur það vera almennt gott þó vissulega væri það mismunandi.

2.2.3 Stjórnun stofnunar

Stjórnendur vilja hlúa að starfsanda stofnunarinnar og styðja starfsfólk skólans til aukinnar vellíðunar og tækifæra í starfi. Að mati flestra viðmælenda hefur starfsandi batnað undanfarin ár. Sögðu þeir að þó að starfsandinn væri stundum upp og niður þá legði starfsfólk sig fram um að láta sér líða vel og eiga góð samskipti. Fram kom í könnun ráðuneytisins og í samtölum við starfsfólk að það upplifir sig sem hluta af liðsheild og að það eigi almennt jákvæð og uppbyggileg samskipti við samstarfsfólkið. Aðspurð um hvar þau leituðu stuðnings þegar þau standa frammi fyrir áskorunum í starfi nefndu nánast öll sem rætt var við í starfsmannahópnum að þau sæktu stuðning til jafningja í skólanum, s.s. samkennara. Fram kom að sumum þykir erfitt að leita til stjórnenda og telja sig ekki alltaf fá stuðning frá þeim. Þó kom fram í könnun ráðuneytisins að meirihluti starfsfólks telur stjórnendur styðjandi þegar kemur að því að efla þekkingu og hæfni í starfi.

Enn fremur svaraði meirihluti starfsfólks í könnun ráðuneytisins að upplýsingagjöf innan skólans sé góð. Skólameistari sendir ávallt fréttapóst í vikulok og liggur pósturinn einnig frammi á kaffistofu starfsfólks. Fram kom í framangreindri könnun að starfsfólk er sátt við skipulag daglegs skólastarfs.

Starfsmannasamtöl eru tekin í tengslum við kennslukannanir sem ná til þriðjungs kennara á hverri önn. Að sögn stjórnenda er farið yfir starfsþróun viðkomandi í þeim samtölum og markmið sett um næstu skref. Mátti heyra á kennurum að það væri mismunandi hvort starfsþróun þeirra væri rædd í starfsmannasamtölum. Aðrar leiðir en kennslukannanir, svo sem starfendarannsóknir, jafningjamat eða innlit stjórnenda í kennslustundir, eru ekki notaðar til að afla upplýsinga og efla kennsluhætti.

Kennarar á starfsbraut fara ekki í regluleg starfsmannasamtöl við stjórnendur skólans eins og aðrir kennarar en sviðsstjóri starfsbrautar hefur tekið starfsmannasamtöl við suma kennara á brautinni. Ábyrgðarskipting stjórnenda skólans og sviðsstjóra starfsbrautar varðandi starfsmannasamtöl virðist óljós og vantar að skýra betur ábyrgð og verklag í því sambandi.

2.3 Innra mat, umbætur og skólaþróun

Til að meta gæði innra mats, umbóta og skólaþróunar voru matsáætlanir, sjálfsmatsskýrslur og umbótaáætlanir sem birtar eru á heimasíðu skólans rýndar. Einnig var fræðslu- og starfsþróunaráætlun skólans rýnd. Að auki var byggt á upplýsingum sem fram komu í viðtölum og samtölum við einstaklinga og rýnihópa.

2.3.1 Skipulag og framkvæmd innra mats

Almennt er vel staðið að innra mati í skólanum, matið er markmiðsbundið og samofið daglegu skólastarfi. Sjálfsmatsteymi er starfandi með fulltrúum stjórnenda og kennara. Áætlun um matið liggur fyrir og val matsþátta byggist á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum og eru viðmið sem stuðst er við skilgreind. Fyrst og fremst er stuðst við meginlegar aðferðir við öflun gagna. Nám og kennsla er metin með kennslukönnunum sem framkvæmdar eru fyrir þriðjung kennara á hverri önn. Mat á skólasókn, námsárangri og brotthvarfi fer fram reglulega. Ekki er sýnilegt í sjálfsmatsskýrslu að stjórnun skólans hafi verið metin undanfarin ár. Í innra mati er leitað eftir sjónarmiðum starfsfólks, nemenda og foreldra. Árlega er gerð sjálfsmatsskýrsla þar sem helstu niðurstöður eru dregnar fram og tímasett áætlun um umbætur er sett fram. Skýrslan er birt á heimasíðu skólans. Niðurstöður innra mats eru kynntar fyrir starfsfólki en ekki fyrir nemendum og foreldrum ef frá eru taldir fulltrúar nemenda og foreldra sem sitja skólafundi og skólanefndarfundir.

2.3.2 Leiða umbætur og skólaþróun

Niðurstöður innra mats eru rýndar og umbótaaðgerðir ræddar og ákveðnar innan sjálfsmatsteymis skólans en aðrir koma ekki að þeirri vinnu nema að takmörkuðu leyti. Viðmælendur úr hópi starfsmanna þekktu ekki allir til skilgreindra aðgerða í umbótaáætlun og því virðist vanta að hún sé virk, að unnið sé samkvæmt henni í öllum skólanum og að fylgst sé reglulega með framgangi umbótaaðgerða. Má því segja að þó að sjálfsmatsteymið láti til sín taka í reglubundinni endurskoðun og viðleitni til umbóta þá nái sú menning almennt ekki út fyrir teymið.

Fræðslu- og starfsþróunaráætlun liggur fyrir og tekur mið af sumum umbóta- og þróunarpörfum skólans sem skilgreindar hafa verið í umbótaáætlun. Þar er meðal annars lögð áhersla á að styðja starfsfólk í að nota stafræna tækni, heilsuefingu starfsfólks og stuðning við kennara varðandi endurmenntun og þróun á áfanga. Skólaþróunarteymi er starfandi og í því eru tveir stjórnendur og tveir

kennarar. Skólaþróunarteymið skipuleggur sameiginlega starfsþróun kennara samkvæmt kjarasamningum.

